



## Fundargerð

---

Aðalfundur Golfklúbbsins Leynis árið 2024 var haldinn í frístundamiðstöðinni Garðavöllum, miðvikudaginn 27. nóvember 2024, kl. 18:00.

Formaður GL, Hróðmar Halldórsson, bauð fundarmenn velkomna og lagði til að Viktor Elvar Viktorsson yrði fundarstjóri fundarins og Ella María Gunnarsdóttir fundarritari. Engin mótmæli komu fram. Að því loknu tók fundarstjóri við stjórn fundarins.

Fundarstjóri staðfesti að löglega var staðið að boðun fundar, þ.e. með a.m.k. 14 daga fyrirvara með rafrænum hætti og í kjölfarið tók hefðbundin aðalfundar dagskrá við.

### 1. Skýrsla stjórnar

Formaður GL flutti skýrslu stjórnar en skýrslan er aðgengileg á rafrænu formi á heimasíðu klúbbsins [www.leynir.is](http://www.leynir.is). Framkvæmdastjóri GL, Rakel Óskarsdóttir, tók því næst við og flutti skýrslu framkvæmdastjóra sem jafnframt er aðgengileg á heimasíðu klúbbsins.

### 2. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram

Framkvæmdastjóri GL fór yfir ársreikning félagsins. Tekjur námu alls rúmlega 176,1 m.kr. og rekstrargjöld voru rúmar 147,7 m.kr. Rekstrarafgangur fyrir fjármagnsliði var því rúmlega 28,4 m.kr. en tæpar 19,7 m.kr. þegar tekið er tillit til fjármagnsliða og afskrifta. Ársreikningar félagsins eru aðgengilegir í heild sinni á heimasíðu klúbbsins.

### 3. Umræður um skýrslu stjórnar og endurskoðaða reikninga. Reikningar bornir undir atkvæði

Fundarstjóri gaf orðið laust fyrir umræður um skýrslu stjórnar, skýrslu framkvæmdastjóra og ársreikning félagsins.

Undir þessum dagskrárlið tóku eftirfarandi til máls:

*Sigurður Elvar Þórólfsson* lagði til að aðalfundur myndi senda eftirfarandi ályktun til bæjarstjórnar:

„Félagsfólk í Golfklúbbum Leyni skorar á bæjaryfirvöld á Akranesi að gerður verður formlegur lóðaleigusamningur um núverandi golfvallarsvæði Golfklúbbsins Leynis.

Slíkur samningur hefur ekki fengist raungerður þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir þess efnis af hálfu klúbbsins.

Félagsfólk fjölmennasta íþróttafélags Akraness krefst þess að bæjaryfirvöld taki þetta mál til formlegrar afgreiðslu án frekari tafa.“

*Valgarður Lyngdal Jónsson* tók því næst til máls.



## Fundargerð

---

Tvö mál sem eru í samtali milli GL og Akraneskaupstaðar, lóðaleigusamningur annars vegar og stækkun golfvallar hins vegar.

Varðandi stækkun vallarins í 27 holur. GL hefur lagt fram vönduð gögn til kaupstaðarins um stækkun sem nær yfir tiltekin svæði. Formleg vinna við skipulag á keyptu landi Akrakots er í raun ekki hafin og því er erfitt að taka ákvörðun um hvort ákveðin landsvæði geti orðið hluti af golfvelli eða ekki. Enginn vafi er á því að vilji er til þess að klúbburinn geti orðið með 27 holu völlum og leggur til að sett verði af stað formleg vinna þar sem aðilar vinni saman að framtíð svæðisins. Ýmis mál þessu tengd eru í vinnslu, svo sem frekari kaup á landi. Þá vonaði hann jafnframt að aðilar geti komið sér saman um verkefnið með einhverskonar viljayfirlýsingu.

Lóðaleigusamningur er annað mál. Þar sem kaupstaðurinn er eigandi Garðavalla þá þarf kaupstaðurinn skv. lögum að vera með forráð á lóðinni sem húsið stendur á. Gera mætti breytingar þannig að húsnæðið sjálft stæði á sérstakri lóð og golfvöllurinn svo á annarri lóð sem gera mætti sérstakan lóðaleigusamning um. Þetta sé í rauninni aðeins úrlausnarefni.

Fundarstjóri lagði tillögu Sigurðar Elvars til kosningar eftir ábendingu um breytt orðalag frá Einari Brandssyni. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Ársreikningur GL var samþykktur samhljóða.

#### **4. Breytingar á lögum GL**

Engar breytingartillögur lágu fyrir fundinum.



## Fundargerð

---

### 5. Fjárhagsáætlun 2025 og tillaga að félagsgjöldum

Formaður kynnti tillögu að félagsgjöldum og flokkaskiptingu ársins 2025 sem var eftirfarandi:

- Allir félagsmenn fá 15 fötur í Teigum með árgjaldi
- Gullaðild kr. 145.000 + 100 fötur á Teigum og 3 gestaholl
- Fullt gjald kr. 129.000
- 70 ára og eldri kr. 109.000 – 15% afsláttur af fullu gjaldi
- 2 árs nýliða gjald kr. 109.000 – 15% afsláttur af fullu gjaldi
- 19-26 ára kr. 60.000 – rúmlega 50% afsláttur af fullu gjaldi
- 19 ára og yngri án æfinga kr. 60.000
- Nýliðagjald kr. 65.000
- Fjaraðild kr. 79.000 utan póstnúmera 300 og 301
- Árgjald börn og ungmenni (æfingar og árgjald)
  - 12 ára og yngri kr. 55.000
  - 13-21 árs kr. 65.000

Framkvæmdastjóri kynnti fjárhagsáætlun ársins 2025.

Helstu lykiltölur fjárhagsáætlunar ársins 2025:

- Áætlun rekstrartekna 197,5 m.kr.
- Áætlun rekstrargjalda 172 m.kr.
- Áætlaður hagnaður af reglubundinni starfsemi 25,5 m.kr.
- Áætlaður hagnaður eftir afskriftir og fjármagnshreyfingar 7,9 m.kr.

Fundarstjóri gaf orðið laust fyrir umræður um fjárhagsáætlun næsta starfsárs og tillögu að félagsgjöldum.

Til máls tóku:

Eiríkur Jónsson spurði út í verð á útseldum hringjum og hvort tími væri kominn til að verðleggja völlinn á sama verði og aðrir klúbbar á höfuðborgarsvæðinu? Þá benti hann á að vinavallasamningar væru ekki að gefa nógu mikið og að þeir væru að taka rástíma frá félagsmönnum Leynis.

Rakel framkvæmdastjóri fór yfir að á undanförunum árum hefði GL hækkað þau verð sem samið er um í vinavallasamningum og að verð á útseldum hring væri t.d. hærra en hjá Golfklúbbi Mosfellsbæjar.

Fjárhagsáætlun og félagsgjöld samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.



## Fundargerð

---

### 6. Kosning stjórnar og varamanns í stjórn

Fundarstjóri kynnti þá aðila sem höfðu boðið sig fram til stjórnarsetu.

Eftirfarandi aðilar voru í framboði:

- Hróðmar Halldórsson til formanns í eitt ár
- Jóhannes Elíasson sem varamaður í stjórn til eins árs
- Elísabet Sæmundsdóttir sem aðalmaður í stjórn til tveggja ára
- Theodór Hervarsson sem aðalmaður í stjórn til tveggja ára

Stjórnarmenn voru sjálfkjörnir og eru ofangreind því réttkjörnir stjórnarmenn.

### 7. Kosning tveggja endurskoðenda og eins til vara

Tillaga var gerð um eftirfarandi skoðunarmenn:

- Andrés Ólafsson
- Elías Ólafsson
- Petrea Emilía Pétursdóttir til vara

Skoðunarmenn voru sjálfkjörnir og eru ofangreind því réttkjörnir skoðunarmenn.

### 8. Önnur mál

Formaður GL kynnti hver kylfingur ársins væri:

**Kylfingur ársins:** Tristan Freyr Traustason

Tristan Freyr Traustason átti flott tímabil þetta árið, hann var oftast en ekki að berjast um topp sætin á unglíngamótaröð GSÍ og sýndi í flestum mótum að hann ætti heima í efstu sætunum. Tristan var eini kylfingur GL til að ná niðurskurði á Íslandsmótinu í golfi.

Tristan sýndi á liðnu ári að hann er góð fyrirmynd fyrir yngri kylfinga í kringum hann bæði á æfingum, auka æfingum og framkomu sinni innan sem utan vallar.

Formaður kynnti hver hlyti Guðmundar og Óðinsbikarinn:

**Guðmundar og Óðinsbikarinn:** Nói Claxton

Guðmundar og Óðinsbikar er gefin af Helga Daníelssyni 1990. Viðurkenningar hafa verið t.d. Íslandsmeistari einstaklinga, Íslandsmeistarar í sveitakeppni GSÍ, sjálfboðaliðavinna, öflugur stuðningsmaður GL, Íþróttamaður Akranes, þátttaka í landsliðsverkefnum svo eitthvað sé upptalið.



## Fundargerð

---

Nói Claxton fær viðurkenninguna fyrir að vera framúrskarandi fyrirmynd og liðsfélagi í barna-unglinga og afreksstarfi GL. Hann hefur sýnt síðastliðið ár að golf er ekki bara einstaklingsíþrótt.

Formaður kynnti verðlaunahafa háttvísiverðlauna GSÍ

**Háttvísiverðlaun GSÍ:** Bergur Ernir Karlsson

Háttvísibikarinn er gjöf frá GSÍ til GL og er hann veittur ár hvert þeim kylfingi undir 18 ára aldri sem endurspeglar hvað mest þá eiginleika sem GL vill sjá í afreksefna unglingum sínum. Það er íþróttastjóri GL sem tilnefnir kylfinginn.

Stjórn óskar Bergi Erni til hamingju með nafnbótina, hann er vel að henni komin.

Formaður kvaddi þá stjórnarmenn sem létu af stjórnarsetu, Ellu Maríu, Freydísi og Ísak.

### **Afmælisár 2025**

Formaður GL kynnti undirbúning og tillögu að nýju afmælislógói Leynis og sýndi fundarmönnum nýtt útlit.

Fundarstjóri gaf orðið laust um önnur mál.

Enginn óskaði eftir því að taka til máls.

59. aðalfundi GL slitið kl. 19:55.



## Fundargerð

---

Fundargerð ritaði Ella María Gunnarsdóttir.

Akranesi 27. nóvember 2024

---

Hróðmar Halldórsson, formaður

---

Óli Björgvin Jónsson, varaformaður

---

Freydís Bjarnadóttir, gjaldkeri

---

Ella María Gunnarsdóttir, ritari

---

Ísak Örn Elvarsson, meðstjórnandi

---

Ruth Einarsdóttir, varamaður